

Ed.

197. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og er samþykkt meginefni þess. Nefndinni virðist rétt, að ljósmóðir, sem er sett til að þjóna nágrannaumdæmi um stundarsakir, fái óskert byrjunarlaun þess umdæmis, og er það í samræmi við ákvæði frv. um það, ef tveimur eða fleiri ljósmóðurumdæmum er steipt saman í eitt umdæmi. Þá þykir nefndinni rétt, að tekið sé tillit til sængurkonustyrks samkvæmt tryggingalögnum, áður en sveitarsjóði er gert að greiða ljósmóður fyrir sængurkonu.

Samkv. þessu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.
 - a. Fyrir „dýrtiðaruppbot“ í 5. málsg. komi: verðlagsuppbot.
 - b. Orðið „hálf“ í 6. málsg. falli burt.
2. Við 3. gr. 2. málsg. orðist svo:

Ef sængurkona er svo fátæk, að hún, þrátt fyrir ákvæði 34. gr. laga um almannatryggingar frá 7. maí 1946, getur ekki borgað, þá á ljósmóðir heimting á, að sveitarsjóður greiði henni þóknunina fyrir yfirsetustarfið og nauðsynlega aðhjúkrun, og skal ekki telja þau gjöld sem veittan sveitarstyrk.

Einn nefndarmanna, Guðm. Í. Guðmundsson, var ekki viðstaddur, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 9. des. 1946.

Jóhann Jósefsson,
form.

Bernh. Stefánsson,
fundaskr., frsm.
Ásmundur Sigurðsson.

Þorst. Þorsteinsson.